



Fundargerð

9. fundur Fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Mánudaginn 11. ágúst 2025, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Karl Ölvisrson, Óskar Ólafsson, Sævar Jónsson, Kristín Hreinsdóttir, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Ákvörðun um réttardag á Holtamannafrétti - 2108011

Taka þarf ákvörðun um réttardag á Holtamannafrétti árið 2025.

Ísleifur Jónsson lagði fram tillögu að réttardegi. Samþykkt að réttað verði í Haldi og á Þóristungum þann 7. september 2025 og réttarstörf hefjist klukkan 9:00. Heimilt er að seinka fyrstu leit og réttum á Þóristungum um eina viku. Reiknað með að fara í eftirleitir í 39. viku.

2. Ákvörðun um leitarstjórn á Holtamannafrétti - 2108012

Taka þarf ákvörðun um leitarstjórn á Holtamannafrétti árið 2025.

Samþykkt samhljóða að Ísleifur Jónasson verði leitarstjóri á Búðarhálsi í fyrri leitum og Tyrþingur Sveinsson verði leitarstjóri í seinni leitum. Karl Ölvisson verður leitarstjóri á Þóristungum. Leitarstjórn er falið að halda til haga upplýsingum um fjölda fullorðinna kinda sem reknar hafa verið í afrétt og koma þeim upplýsingum til skrifstofu Ásahrepps.

3. Ákvörðun um þóknanir vegna fjallferða á Holtamannafrétti - 2108013

Taka þarf ákvörðun um laun og þóknanir vegna fjallferða á Holtamannafrétti árið 2025.

Lögð fram tillaga sem byggir á uppreikningi miðað við NVT.

Umsjón á leit: kr. 37.000

Matráður á dag: kr. 26.500

Fjallmaður á dag: kr. 15.200

Fjór hjól á dag: kr. 22.300

Hestur á dag: kr. 1.400

Fæði á dag: kr. 10.400

Bill á km: kr. 141

Tryggingar fjór hjóla eru á ábyrgð eigenda.

Samþykkt samhljóða.

4. Úthlutun úr Landbótasjóði - 2503006

Lagt fram bréf Lands og skógar, dags. 3. mars 2025 þar sem veittar eru upplýsingar um úthlutun styrks úr Landbótasjóði 2025.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'R.O.', 'J.J.', and 'K.H.'.

Til kynningar.

5. Uppgræðsla á Holtamannafrétti - 2212014

Ísleifur Jónasson gerði grein fyrir störfum við uppgæðslu á Holtamannafrétti sumarið 2025.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 15:40.

Ísleifur Jónasson

Ísleifur Jónasson

Karl Ölvirsson

Karl Ölvirsson

Óskar Ólafsson

Óskar Ólafsson

Sævar Jónsson

Sævar Jónsson

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson

Jón G. Valgeirsson

Jón G. Valgeirsson